

[Íslensk þýðing: Logos]

SAMANTEKT Á RÁÐGJÖF TIL RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS VEGNA KYRRSETNINGAR EIGNA LANDSBANKA ÍSLANDS

Ríkisstjórn Íslands leitaði til Lovells LLP, auk eigin lögfræðiráðgjafa, vegna mögulegrar málshöfðunar á hendur breska ríkinu vegna ákvörðunar breskra yfirvalda að kyrrsetja eignir Landsbankans í Bretlandi. Skjal þetta er birt opinberlega að beiðni íslenska ríkisins og er ætlað að gefa yfirlit yfir lykilatríði þeirrar ráðgjafa sem veitt hefur verið. Að öðru leyti telst lögfræðialit Lovells trúnaðarmál og felur þessi samantekt ekki í sér neina eftirgjöf að því leyti.

1. Verulegir annmarkar eru á þeim rökum og ástæðum sem ríkisstjórn Bretlands hefur upplýst að legið hafi að baki þeirri ákvörðun að kyrrsetja eignir Landsbankans í Bretlandi og aðgerðin var ekki til þess fallin að ná þeim markmiðum sem stefnt var að.
2. Hins vegar veitir ensk löggjöf stjórnvöldum mikið svigrúm og væri mjög erfitt að fá ákvörðun breskra yfirvalda hnekktt fyrir breskum dómstól. Gildir þá einu hvort íslenska ríkið, eða aðrir sem hagsmuna eiga að gæta, höfða slíkt mál. Jafnvel þótt svo færi að breskur dómstóll myndi ógilda hina umdeildu ákvörðun yrðu mögulegar skaðabætur að líkindum ekki verulegar.
3. Ákvörðun breskra stjórnvalda vekur upp álitaefti er lúta bæði að Evrópurétti og mannréttindum. Hvort tveggja kallar á ítarlega skoðun á því hvort ríkisstjórn Bretlands hafi með aðgerðum sínum brotið gegn meginreglum um meðalhóf. Úr slíkum álitaeftum mætti fá skorið fyrir breskum dómstólum. Aðild að slíkum málum gætu átt þeir einstaklingar, eða lögaðilar, sem urðu fyrir beinu tjóni af ákvörðun breskra stjórnvalda, til dæmis Landsbankinn.
4. Íslenska ríkið kann hugsanlega einnig að geta höfðað mál gegn breska ríkinu fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Íslenska ríkið getur ekki borið fyrir sig mannréttindi frammi fyrir breskum dómstóli. Því þyrfti íslenska ríkið ekki fyrst að höfða mál fyrir breskum dómstólum áður en mál yrði höfðað fyrir Mannréttindadómstólum enda sé sýnt fram á að eðlilegt sé að íslenska ríkið komi fram fyrir hönd þeirra hagsmuna sem um ræðir.
5. Íslenska ríkið og Landsbankinn hafa ítrekað beiðni til breska ríkisins um að kyrrsetningu eigna Landsbankans verði aflétt. Hafni bresk stjórnvöld þeim erindum er um nýja stjórnvaldsákvörðun að ræða, sem mögulegt væri að krefjast ógildingar á fyrir breskum dómstólum. Grundvöllur slíkrar málshöfðunar gæti, meðal annars, verið sá að hvort sem hin upprunalega ákvörðun var lögmat eður ei, þá sé sú

ákvörðun að halda kyrrsetningunni til streitu ólögmet. Í ljósi atvika eftir að hin upprunalega ákvörðun var tekin, er þessi leið hugsanlega vænlegri til árangurs.

6. Bæði ríkisstjórn Íslands og Landsbankinn gætu átt aðild að slíku ógildingarmáli. Yrði málssóknin á höndum Landsbankans myndi líklega reyna á álitafni um mannréttindi, þá sérstaklega friðhelgi eignaréttarins, sem vakna vegna viðvarandi kyrrsetningar á eignum bankans.
7. Einnig mætti láta reyna á lögmeti aðgerða ríkisstjórnar Bretlands vegna Kaupþings Singer og Friedlander og Heritable. Aðild ættu sem fyrr þeir aðilar sem urðu fyrir beinu tjóni af völdum aðgerðanna. Líklegt er að í slíku máli vöknðu sambærilegar lögfræðilegar spurningar og í ofangreindum málum, auk þess sem tímafrestir yrðu að meginstefnu þeir sömu.

Ríkisstjórn Íslands hefur lýst því yfir að hún muni styðja við þá sem hyggjast leita réttar síns vegna aðgerða breskra stjórnvalda, og vinnur náið með Landsbankanum, Kaupþingi og öðrum sem hagsmuna eiga að gæta.

Charles Brasted

Paul Dacam

Lovells LLP

7. janúar 2009